

Áfengi í umferðinni

Einar Guðmundsson


Formaður

Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna

Hve margir ökumenn gætu verið ölvaðir á þessari mynd?



Hefur það komið fyrir á síðustu 6 mánuðum að þú hafir ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk til dæmis eitt bjórglas eða eitt léttvínsglas?



Skv. könnun Samgöngustofu eru það um 25%



Óku undir áhrifum á stolnum bíl

Nokkur erill var hjá lögreglunni á höfuðborgar-
svæðinu í nótt að því er fram kemur í dagbók lög-
reglu. Fjórir voru stöðvaðir vegna gruns um akst-
ur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna



Skv. könnun Samgöngustofu
eru það um 10%



Hve margir
voru stöðvaðir
af lögreglu?

15 af
60
bílum

6 bílar
10%

Banaslys árið 2013




15 manns létust í 14 umferðarslysum á árinu 2013.

Tveir létust af völdum ölvunaraksturs og einn af völdum fíkniefnaaksturs

Þróun ölvunaraksturs síðustu ár

Þróun ölvunarslysa frá 2004 – 2013




Tölur frá Samgöngustofu

Þróun ölvunaraksturs síðustu ár

Þróun ölvunarslysa frá 2004 – 2013

**469 slasaðir
á 10 árum**




Tölur frá Samgöngustofu

Þróun ölvunaraksturs síðustu ár


Þróun ölvunaraksturs frá 2004 – 2013

**Alls 2365
á 10 árum**



Tölur frá Samgöngustofu

Tölur frá lögreglunni í Reykjavík



Hvers vegna fer ölvaður maður að aka? (Skv. könnun Brautarinnar)

Telur sig sleppa undan lögreglu

•

36%

Telur sig undir mörkum

•

32%

Dómgreindarleysi – Allt í lagi að aka

•

15.5%

Of drukkinn til að meta ástand sitt

•


10.7%

Komst ekki milli staða á annan hátt

•

5%

Hvað er áfengi?




Úrgangur sem gerlar gerlar gefa frá sér þegar þeir brjóta niður sykurefni í ávöxtum.



Er eitruður eins og svo margur úrgangur er.




Til að ná meiri styrkleika en 15% þarf að eima vökvann.



Þegar það er notað til iðnaðar, er ýmsum efnum bætt við það til að gera það ódrykkjarhæft.

Ein drykkjareining



Áfengi er mislengi að fara í inn í blóðið

- Hér hefur matur áhrif

Tekur 30-45 mín að ná hámarki í blóði

- Konur með minna blóðmagn-> meiri ölvun, meiri hættu á sjúkdómum (hjarta, heila)

Niðurbrot fer eftir magni ensíma í lifur

- Niðurbrot hægar hjá konum, meiri hættu á lifrarsjúkdómum
- 75 kg einstaklingur: 10-15 ml hreint áfengi pr.klst.


Hve lengi er áfengi að fara úr blóðinu?
Get ég gert eitthvað til að flýta því?

**Einstaklingur drekkur 6 bjóra ½ l 4,5%:
Lifrin þarf að ná úr blóðinu 108 gr. áfengi**

Ölvun ef allt er drukkið í einu:

60 kg = 2.7 prómill
70 kg = 2.3 prómill
80 kg = 2.0 prómill
90 kg = 1.8 prómill

1 bjór á klst. fresti - á 6 tímum
2 bjórar á klst.fresti - á 3 tímum
3 bjórar á klst.fresti - á 2 tímum



0,10-0,15 ‰ pr. klst.

60 kg = 18 tímar
70 kg = 16 tímar
80 kg = 14 tímar
90 kg = 12 tímar

Hvaða áhrif hefur áfengið á líkamann?

Venjulegur heili

0.5‰
Slæm
dómgreind



3‰
Tvöföld sjón


1‰
Óhæfur
að aka



3-4.5‰
Meðvitundar-
leysi



2‰
Óeðlileg
hegðun



Yfir 4,5‰
Hætta á
dauða



Hvernig hefur áfengi áhrif á akstur?




Áhrif áfengis á atferli og aksturshæfni

fjöldi áfengra drykkja*	vínandi í blóði (0/00)	tilfinningaleg og hegðunarleg áhrif	áhrif á aksturshæfni
1	0,2	Varla greinanleg áhrif. Vægar geðsveiflur.	Væg breyting. Flestir ökumenn virðast hrifnæmir. Slæmir ökuhættir geta magnast örlítið.
2-3	0,5	Væg slökun. Léttlyndi. Óþvingaðri hegðun. Auknar geðsveiflur. Örari hreyfingar. Væg skerðing á sjálfvirkum athöfnum.	Viðbragðstími lengist verulega.
5-6	1,0	Stjórn mikilvægra hreyfinga skerðist. Tal óskýrt. Rökhugsun, dómgreind og minni skerðist.	Veruleg neikvæð áhrif á dómgreind. Samhæfing hreyfinga skerðist. Miklir erfiðleikar með stjórn ökutækis.
7-8	1,5	Alvarleg skerðing líkamlegrar og andlegrar starfsemi. Ábyrgðarleysi. Á í erfiðleikum með að standa, ganga og tala.	Skynjun og dómgreind brenglast verulega. Ekur í þokumóðu og hefur nánast enga stjórn á ökutæki.
15-20	4,0	Flestir hafa misst meðvitund.	Meðvitundarlaus. Viðbragð takmarkað. Ökuhæfni engin — sofnaður — jafnvel „dáinn”.

* með áfengum drykk er átt við einn 33 sl sterkan bjór eða 2,8 sl af sterku víni.

Aukin áhætta

Áhætta við ölvunarakstur



Tengsl almennrar ölvunar og ölvunaraksturs: Nýja-Sjáland: 1999

Áfengiskaupaaldur var lækkaður úr 20 í 18 ár árið 1999. Vinsala leyfð í matvöruverslunum:

Rannsókn á áhrifum lækkunar áfengiskaupaaldurs sýndi:

Ölvunarakstur jókst og mest hjá 18-19 ára.

Í sama aldurshópi fjölgaði áfengistengdum umferðarslysum

Hjá 20-24 ára varð líka aukning á ölvunarakstri og umferðarslysum.

Einnig hjá 14-15 ára sem sögðust hafa meira aðgengi að áfengi efir breytinguna.

Marktækt fleiri 15-19 ára lentu í umferðarslysum en gera mátti ráð fyrir ef aldur til áfengiskaupa hefði verið óbreyttur. Þegar hann var lækkaður hafði umferðaslysum verið að fækka í landinu.

Lokaorð



Aukið
aðgengi að
áfengi leiðir
til aukinnar
neyslu



Aukin neysla
áfengis leiðir
til aukins
ölvunar-
aksturs



Aukinn
ölvunar-
astur leiðir
til fleiri
ölvunarslysa





TAKK FYRIR